

6.

MERKASTI FRIDARSÁTTMÁLINN

MEÐ VARNARLEYSI OG VESALDÓMI HEFÐU
ÍSLENDINGAR FÆRT ÁRÁSARHÆTTUNA YFIR
ALLA HINA VESTRÆNU MENNINGU.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum að þáttöku Íslendinga í varnarbandalagi Norður-Atlantshafsríkjanna, sem stofnað var á árinu 1949.

Þáttaka Íslendinga í þessu bandalagi var eðlilegt áframhald af þeirri stefnu, sem Íslendingar höfðu markað sér í utanríkismálum frá ófriðarlokum. Þegar Íslendingar gerðust meðlimir í samkundu Sameinuðu þjóðanna, tóku þeir á sig vissar hernaðarslegar skuldbindingar í þágu friðar og frelsis, þ.á.m. um að heimila afnot af landinu, ef til ófriðar kæmi. Með Keflavíkursamningnum var teningnum að því leyti kastað, að lýðræðissinnar ákváðu að fara sínu fram um samstarf við vestrænar menningarþjóðir, enda þótt af því leiddi alger samvinnuslit við kommúnista, að óbreyttri aðstöðu í heimsstjórnarmálum. En stærsta og örlagaríkasta sporið á þessari braut var stigið með þáttöku Íslands í varnarbandalagi Norður-Atlantshafsríkjanna.

Varnarbandalag þetta var stofnað vegna þess að vonir manna um það, að Sameinuðu þjóðirnar reyndust færar að tryggja friðinn og frelsið í heiminum, voru teknar að dofna. Höfuðtilgangur þessa bandalags er að koma í veg fyrir ófrið. Því er ætlað að verða sverð og skjöldur til sjálfsvarnar vestrænni menningu. Vígi til varnar gegn árásum heimsyfirvaldastefnu kommúnista á frelsið, friðinn, jafnréttið, sjálfsákvörðunarréttinn, á alla dýmmætustu helgidóma einstaklinga og þjóða. Sáttmáli þessi er því merkasti friðarsáttmáli sem nokkru sinni hefur verið gerður. Hvað Íslendinga áhræðir er hann sáttmáli um það, að gegn því að Íslendingar láni land sitt til æskilegra afnota, að eigin dómi, í baráttunni fyrir frelsi og friði í heiminum, mun hálf fjórða hundruð milljón bezt menntuþjóða veraldarinnar reiðubúnar að fórna eignum og lífi Íslandi til varnar gegn árásahrammi einræðis og kúgunar.

Þáttaka Íslendinga í þessu varnarbandalagi er svo merk, að mikil freisting er að gera málinu fyllri skil. Ég sást þá freistingu eingöngu vegna þess hve málið liggur orðið ljóst fyrir í hugum almennings, og vegna þess, að ég veit, að allir lýðræðissinnar eru á einu máli um nauðsyn þáttöku Íslendinga. Og e.t.v. sýnir ekkert betur þessa nauðsyn, e.t.v. er engin sönnun jafn sterk fyrir því, hvers virði hugsanlegis árásaraðilar telja sér að geta vafið Ísland hlutleysishjúpnunum og haldið landinu óvörðu og opnu til árása, - einnig í því skyni að ráðast frá okkar landi á önnur lönd, - en einmitt það, hversu hamstola Íslenzkir liðsmenn valdhafanna í Kreml urðu út af þáttöku Íslendinga í þessu bandalagi.

Hin æðisgengna árás óaldalýðs kommúnista á Alþingi hinn 30. marz 1949, mun lengi geymast í sögu Íslands, sem óræk sönnun fyrir því, hvert gildi varnarleysi Íslands hefur fyrir austrænan áráshug. Og jafnframt sem óhugnanleg og vansæmandi mynd af skilyrðislausri þjónkun ofstækisfullra íslenskra vesalinga með erlent einræðisvald.

Með þáttöku sinni í varnarsbandalagi Atlantshafsríkjanna reyndust Íslendingar trúir þeirri frelsis-hugsjón, sem verið hefur aflgjafi þjóðarinnar frá upphafi Íslandsbyggðar. Þeir hafa fram til þessa verið sér til sóma á þessum vettvangi, en myndu, ef þeir hefðu hafnað þáttöku, hafa bakað sér fyrir-litningu allra þeirra þjóða, sem þeir eru skyldastir að sett, uppruna, andlegu atgervi, lífsskoðun og átrúnaði, og hefðu með varnarleysi sínu og vesaldómi eigi aðeins fært áráshættuna yfir Íslendinga og Ísland, heldur og yfir alla hina vestrænu menningu.

Úr landsfundarræðu, 31. október 1951.